



Veðurstofa Íslands

Greinargerð

Ásdís Auðunsdóttir

Veðurlag í Skagafirði

VÍ-G98005-ÚR05
Reykjavík
Janúar 1998

SKAGAFJÖRÐUR

Hér á eftir kemur yfirlit yfir helstu veðurfarsþætti í Skagafirði og Fljótum. Samfelldar veðurathuganir eru til frá Hrauni á Skaga að einhverju leyti síðan 1942 (skeytastöð), Nautabúi síðan 1945 og þar áður á Mælifelli sem var með athuganir frá 1934 til 1945. Á Bergstöðum hefur verið athugað síðan 1978 en sú stöð tók við af Sauðárkróki þar sem veðurathuganir voru gerðar frá 1954 til 1978. Veðurathuganir voru einnig gerðar á Hrauni í Fljótum 1886–1887 og 1922–1933 og á Sauðárkróki í nokkra mánuði árið 1893. Hólar í Hjaltadal var veðurfarsstöð 1955–1990, en á slíkum stöðvum eru gerðar athuganir þrisvar sinnum á sólarhring og ekki athugaðir eins margir veðurþættir og á skeytastöðvum. Dalsmynni hefur verið veðurfarsstöð síðan 1991 en hún er talsvert utar í Hjaltadal en Hólar. Úrkomustöðvar eru tvær, Skeiðsfossvirkjun í Fljótum starfandi frá 1970 og Litla-Hlíð í Lýtingsstaðahreppi þar sem mælt hefur verið síðan í október 1990. Að auki eru til allítarlegar lýsingar á staðbundnum veðrum í sóknarlýsingum frá 14 sóknum, skrifðar fyrir miðja 19. öld. Þetta kemur fram í samantekt Páls Bergþórssonar í tímaritinu *Veðrinu* frá 1972.

Meðaltöl í töflunum hér á eftir eru frá árabilinu 1961–1990 þar sem athuganir frá þeim tíma eru til.

Úrkoma

Skagafjörður er eitt af úrkumuminnstu svæðum landsins. Þar er meðalársúrkoma minni en 500 mm nema á Skeiðsfossvirkjun þar sem falla að meðaltali 965 mm eða um tvöfalt meira en annars staðar í firðinum, þar sem mælingar eru. Til samanburðar við aðra landshluta er algeng ársúrkoma á Suðvesturlandi 800–1100 mm, á Suðausturlandi frá 1300 og allt upp í 3300 mm en á Norðausturlandi 500–800 mm. Á Vestfjörðum er ársúrkoman aðeins 585 mm í Æðey en annars um 950–1200 mm. Hér er að sjálfsögðu átt við úrkому sem fellur á veðurathugunarstöðvum en úrkoma á fjöllum er meiri.

Úrkoma er mest þar sem há fjöll eru áveðurs við miklar úrkumuáttir enda er langmesta úrkoman hér á landi suðaustanlands. Norðaustanáttin getur einnig verið nokkuð rök og snjóasöm en Skagafjörður er að mestu leyti í skjóli frá henni vegna Tröllaskaga og sleppur reyndar betur við norðaustanáttina en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Í bæklingnum „Könnun á skiptingu Íslands í veðurspásvæði“ sem Markús Á. Einarsson samdi árið 1978 og gefinn er út af Veðurstofu Íslands kemur fram að ein skýrustu veðramörk sem unnt er að benda á hér á landi eru á milli Norðvesturlands og Norðausturlands (bls. 44). Reyndar hafði Norðurland allt verið eitt spásvæði frá 1926 og fram að þeim tíma.

MÁE athugaði fjölda úrkomudaga í ákveðnu veðurlagi (eftir vindáttum) þegar sama veðurlag er allan sólarhringinn á öllu landinu (MÁE: Könnun á skiptingu Íslands í veðurspásvæði). Kom þá í ljós að úrkoma í Skagafirði er mest í N-átt og SV- eða V-átt en utarlega í firðinum einnig mjög mikil í NA-átt og skýrir þetta hinn mikla mun sem er á úrkomu á Skeiðsfossi og hinum stöðvunum. SA-átt skilar að auki nokkurri úrkomu í Skagafjörð.

Athygli vekur þó hvað úrkoman á Hrauni á Skaga er lítil, 474,4 mm en þar hjálpar landslagið ekki til, þó NA-áttin blási, mikið flatlendi. Reyndar mælist úrkoma því verr sem vindur er meiri (úrkoman lárétt) og getur það einnig verið skýringin á úrkomumuninum á Hrauni á Skaga og Skeiðsfossi en á síðarnefnda staðnum nær vindur sér lítt niður og snjórinn sest til. Reykjaströndin liggar betur við höggi í NA-átt en þaðan höfum við ekki athuganir. Það sem lesa má út úr töflunni að öðru leyti er í samræmi við áðursagt, því utar í firðinum því meiri úrkoma, t.d. er meiri úrkoma á Nautabúi en í Litlu-Hlíð, meiri á Hrauni en á Bergstöðum og aðeins meiri í Dalsmynni en á Hólum. Reyndar nær meðaltalsútreikningurinn á Dalsmynni aðeins yfir 4 ár.

Hiti

Hitafar er nokkuð öfgakennt í Skagafirði eins og annars staðar á Norðurlandi en ársmeðalhitinn á umræddum stöðvum þar er frá 2,4 upp í 3,1 stig eins og fram kemur í töflunni hér á eftir. Á sunnlenskum veðurathugunarstöðvum er þessi hiti yfir 4 stig og milli 3 og 4 stig á Austur- og Vesturlandi. Hins vegar er árlegur fjöldi daga með hámarkshita yfir 15 stigum hátt í 30 í innsveitum Skagafjarðar í samanburði við 12,9 í Reykjavík og um 20 á Eyrarbakka en þar er meðalhiti í júlí 10,8 stig á móti 9,5 til 9,9 í Skagafirði. Sami samanburður á einnig við milli Nautabús og hinna staðanna sem eru utar í firðinum, fjöldi mjög heitra daga er fleiri en meðalhiti minni í innsveitunum, þar er annað hvort hitapottur eða kuldapollur ef svo má segja. Úti á Hrauni á Skaga er þó mun svalara á sumrin hvernig sem á það er litið, minni meðalhiti og færri mjög heitir dagar. Frosthörkur eru þar minni á veturna en í innsveitum. Veldur þar mestu nálægð við sjóinn.

Fjöldi frostdaga á svæðinu er um 170 á ári en það er algengt um allt norðanvert landið. Hins vegar er fjöldi daga þegar hiti fer niður fyrir 10 stiga frost 31 á Nautabúi og er það með því mesta sem gerist á landinu. Þetta kemur í sjálfu sér ekkert á óvart.

Vindar

Velþekkt er hversu slæm suðvestanátt er í Skagafirði, einkum vestanmegin þar sem hún kemur niður af fjöllum.

Fjörðurinn er að miklu leyti í skjóli við Tröllaskaga frá austanátt. Utan við eyjarnar, Drangey og Málmey, er þó jafnan talsverður austanstrengur þegar austlæg átt er á annað borð í lofti. Aðeins ber á austanátt á Hólum, einkum að vetrarlagi, eins og sjá má á vindrósum á bls. 10–12. Hana vantart hins vegar algjörlega í vindrósina frá Nautabúi, Sauðárkróki og Bergstöðum. Þar er vindur nær alveg inn og út fjörðinn, norðanátt mun algengari að sumrinu, sterk hafátt, en suðlæg átt að vetrinum ekki hvað síst þegar miklir kuldar eru og hið eðlisþunga kalda loft „lekur“ út fjörðinn.

Austanátt er allalgeng eins og áður sagði á Hólum en handan fjarðarins á Reykjaströnd er vestanátt langverst og mjög byljótt. Reyndar eru vestlægar áttir almennt hviðusamari en austlægar og bætir ekki úr skák ef þær koma af fjöllum eða fjallaskörðum. Nokkru innar í firðinum eða nálægt Reynistað er sama að segja um suðvestlægu áttirnar, þær eru hvassastar en austanátt lítt þekkt. Þangað skilar norðaustanátt þó sennilega nokkurri úrkому. Fyrir innan Víðimýri fer norðaustanáttar lítið að gæta.

Innst í Skagafirði eru þrír þróngir og fremur veðursælir (hvað varðar vind) dalir en ef haldið er áfram norður á bóginn austan til í Skagafirði (t.d. nálægt Miklabæ) þá liggr sveitin betur við höggi suðaustan- og austanáttar en suðvestanátt er aftur á móti orðin viðráðanleg. Það sama má raunar segja um veður nálægt fjallgarðinum austanmegin gagnvart austan eða suðaustanátt og gilti vestan til um suðvestanáttina og sennilega er úrkoma hér mest í suðaustanátt en þó lítil í heildina. Fyrir miðjum firðinum utarlega (nálægt Ríp) er úrkoma aftur orðin algeng í norðaustanátt. Á Höfðaströndinni eru vestanveðrin aftur orðin skaðsöm og einnig sunnan- og suðvestanveður. Utan við Höfðaströnd er veðrasamt, eins og gefur að skilja á útnesi, bæði harðar vestlægar áttir og norðaustlægar.

Snjóflóð

Mörg snjóflóð eru þekkt úr Skagafirði, t.d. í Kolbeinsdal og á Reykjaströnd, sérstaklega úr árgili hjá Fagranesi. Innarlega í firðinum er alla jafna ekki mjög snjóþungt en þó geta snjóflóð fallið víðsvegar. Hins vegar má segja að ekki sé snjóflóðahætta í grennd við þéttbýli í Skagafirði eins og er svo víða annars staðar á Norðurlandi. Mjög snjóþungt er í Fljótum og algengt er að Skeiðsfossvirkjun sé með mánaðarmet veðurathugunarstöðva í snjódýpt.

Meðalúrkoma í mm

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hraun 1961-1990	39,1	28,9	33,2	29,9	25,0	34,2	39,7	44,2	54,7	65,4	41,2	38,8	474,4
Litla Hlíð 1991-1995	45,4	36,3	32,8	12,9	28,8	40,4	31,9	36,4	27,2	43,7	39,5	33,4	408,6
Bergstaðir 1979-1995	46,8	30,4	40,1	30,2	22,6	33,4	37,2	41,5	43,4	49,1	32,2	45,9	453,0
Hólar 1961-1990	47,1	34,4	34,1	31,6	20,3	38,1	45,4	45,7	40,5	55,1	49,6	44,3	486,2
Skeiðsfoss 1971-1995	109,1	81,4	84,6	62,1	43,3	46,6	58,2	72,3	87,2	113,2	105,2	101,2	964,5
Dalsmynni 1992-1995	62,5	30,3	52,4	21,6	28,2	52,2	43,7	36,2	30,4	45,1	29,4	61,8	493,7
Nautabú 1961-1990	40,2	32,5	36,2	35,0	20,8	35,1	46,6	47,2	39,3	51,5	37,6	47,5	469,4

Fjöldi úkomudaga (úrkoma >= 0,1 mm)

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Litla Hlíð 1991-1995	16,2	15,4	15,2	9,4	12,6	11,6	15,4	16,2	12,2	13	14,4	15	166,6
Bergstaðir 1979-1995	17,1	14,7	18,9	15,2	12,4	13,6	16,9	17,0	17,0	17,6	16,2	17,8	194,6
Hólar 1961-1990	13,9	11,9	14,6	13,0	10,7	13,6	16,4	17,3	14,9	17,1	14,7	15,5	173,4
Dalsmynni 1992-1995	16,5	11,8	16,3	10,3	12,0	14,0	16,0	15,5	13,0	14,3	12,3	15,5	167,3
Nautabú 1961-1990	13,8	12,4	15,6	13,2	10,7	12,7	15,8	16,3	14,4	16,0	14,0	15,8	171,0

Fjöldi daga með úrkomu >= 1,0 mm

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Litla Hlíð 1991-1995	8,4	10,0	7,6	4,4	6,4	7,4	8,0	8,4	8,4	8,4	8,6	9,0	95,0
Bergstaðir 1979-1995	8,5	7,9	9,4	7,9	5,7	7,6	9,6	8,8	8,9	9,7	7,6	9,4	101,1
Hólar 1961-1990	8,6	7,4	8,7	7,2	5,8	8,4	10,3	9,6	8,1	11,1	9,5	9,4	104,1
Dalsmynni 1992-1995	10,3	6,3	10,0	6,0	6,3	8,5	9,0	9,3	7,5	9,3	7,3	11,8	101,3
Nautabú 1961-1990	10,2	8,5	10,2	9,2	6,7	9,1	10,2	10,6	9,6	11,3	9,8	11,2	116,8

Meðalhiti

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hraun	-1,8	-1,5	-1,6	0,5	3,4	6,5	8,2	8,2	5,7	3,0	0,3	-1,3	2,5
1961-1990													
Bergstaðir	-2,7	-1,7	-1,9	0,7	4,6	8,3	9,6	9,3	5,5	2,2	0,0	-2,0	2,7
1979-1995													
Hólar	-2,1	-1,5	-1,6	0,9	4,7	8,2	9,5	8,8	5,5	2,5	-0,6	-2,1	2,7
1961-1990													
Nautabú	-2,9	-2,1	-1,8	0,9	4,6	8,1	9,6	8,9	5,6	2,2	-1,1	-2,7	2,4
1961-1990													
Sauðákr	-2,2	-1,5	-1,1	1,5	5,0	8,3	9,9	9,3	6,3	3,1	-0,1	-1,7	3,1
1961-1990													

Meðalhámark

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hraun	0,5	0,9	0,7	3,2	6,2	9,6	11,2	11,0	8,1	5,2	2,3	1,0	5,0
1961-1990													
Hólar	0,9	1,6	1,7	4,5	8,4	11,9	13,2	12,4	9,0	5,5	2,4	1,0	6,1
1961-1990													
Nautabú	-0,1	0,8	1,4	4,4	8,7	12,3	13,8	12,8	9,2	5,2	1,5	0,2	5,9
1961-1990													

Meðallágmark

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hraun	-4,6	-4,3	-4,3	-2,0	1,2	4,5	6,4	6,2	3,5	0,8	-2,5	-4,3	0,1
1961-1990													
Hólar	-5,5	-4,9	-5,0	-2,4	1,3	4,8	6,4	5,8	2,6	-0,4	-3,8	-5,4	-0,5
1961-1990													
Nautabú	-5,9	-4,9	-4,7	-2,0	1,6	5,1	6,8	6,2	3,0	-0,3	-4,0	-5,7	-0,4
1961-1990													

Fjöldi frostdaga (lágmarkshiti undir 0 stigum)

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hraun 1967-1990	26,8	23,4	25,5	19,3	8,8	0,9	0,0	0,1	2,4	11,1	20,5	25,8	166,7
Bergstaðir 1979-1995	26,4	22,5	25,9	19,5	6,9	0,4	0,0	0,1	4,4	15,2	21,1	25,4	167,8
Hólar 1961-1990	25,2	23,1	24,2	18,9	10,2	1,4	0,0	0,5	6,2	15,8	22,3	25,9	172,1
Nautabú 1961-1990	26,0	22,7	24,1	18,4	8,9	1,2	0,0	0,4	5,4	15,4	22,3	26,2	171,4

Fjöldi dagá með hámarkshita > 15 stig

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hraun 1967-1990	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7	2,0	4,6	3,6	0,4	0,0	0,0	0,0	11,3
Bergstaðir 1979-1995	0,0	0,0	0,0	0,1	2,4	6,6	9,9	8,4	1,4	0,2	0,0	0,0	28,8
Hólar 1961-1990	0,0	0,0	0,0	0,3	2,2	6,3	10,0	6,9	1,9	0,6	0,0	0,0	28,6
Nautabú 1961-1990	0,0	0,0	0,0	0,0	2,3	7,6	12,3	8,2	2,0	0,1	0,0	0,0	32,6

Hólar: vantar jún 62 og sept 69

Fjöldi alauðra daga

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hólar 1961-1990	3,7	2,1	3,6	7,7	25,3	29,7	31,0	30,7	28,0	19,1	8,6	4,0	193,6
Nautabú 1976-1990	1,5	2,7	2,5	7,1	25,0	29,9	31,0	31,0	28,2	19,1	9,2	4,3	189,7


Fjöldi alhvítra daga

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	'ag	sep	okt	nóv	des	ár
Hólar 1961-1990	20,1	18,1	17,8	11,9	1,6	0,2	0,0	0,2	1,5	7,9	17,4	20,5	117,0
Nautabú 1976-1990	23,3	16,9	18,0	11,5	2,2	0,1	0,0	0,0	1,4	8,1	16,1	21,1	120,6


Hólar: vantar sept 69 deilt með 29

Nautabú aðeins til samfellt frá 76 og vantar sept 78. Einnig vantar júlí 76 og 78 sem kemur ekki að sök


Vindrós fyrir Nautabú allt árið (1961-1990)




Vindrós fyrir Nautabú júní-ág (1961-1990)




Vindrós fyrir Nautabú jan-feb (1961-1990)




Vindrós fyrir Hóla í Hjaltdal allt árið (1961-1990)




Vindrós fyrir Hóla í Hjaltadal júní-ág (1961-1990)




Vindrós fyrir Hóla í Hjaltadal jan-feb (1961-1990)




Vindrós fyrir Bergstaði allt árið (1978-1995)




Vindrós fyrir Bergstaði júní-ágúst (1978-1995)




Vindrós fyrir Bergstaði jan-feb (1978-1995)



Vindrós fyrir Sauðárkrók allt árið 1955-1977



Vindrós fyrir Sauðárkrók júní-ág 1955-1977



Vindrós fyrir Sauðárkrók jan-feb 1955-1977

